



## Velferðarvaktin

4. maí 2012

Til velferðarráðherra

### **Ályktun til velferðarráðherra og ríkisstjórnar um aðgerðir í þágu efnalítilla barnafjölskyldna í ljósi niðurstaðna Seðlabanka Íslands um stöðu heimilanna**

Þrátt fyrir almennar aðgerðir stjórnvalda og ýmis sértæk úrræði hefur ekki náðst að leysa vanda heimila í miklum greiðsluferfiðleikum, sbr. lokaniðurstöður greiningar Seðlabankans á stöðu íslenskra heimila í aðdraganda og kjölfar hrunsins. Þar kemur fram að flest heimili í skuldavanda eru tekjuhá, meðan flest heimili í greiðsluvanda eru tekjulág og um þriðjungur heimila í greiðsluvanda eru barnafjölskyldur í miðtekjuhópum.

Velferðarvaktin fjallaði um þessar niðurstöður á fundi sínum 24. apríl sl. og vekur af því tilefni athygli á tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar sem birtar voru í áfangaskýrslu vaktarinnar í júní sl. en þar var lagt til að „*Stjórnvöld auki stuðning og sérstakar aðgerðir til að tryggja betur en nú er gert velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna, sérstaklega einstæðra foreldra og barna þeirra.*“ Efnalítill einstæðir foreldrar búa við mjög bág kjör og eru viðkvæmur en hlutfallslega fjölmennur hópur sem er berskjaldaður gagnvart afleiðingum kreppunnar. Með greiningu bankans og nýjum félagsvísum er komið verkfæri til að fylgjast með efnahagslegri stöðu heimilanna og áhrifum opinberra aðgerða og grípa til sértækra aðgerða í þágu heimila í fjárhagslegum erfiðleikum. Í félagsvísum, sem velferðarvaktin lét útbúa, kemur fram að á árinu 2010 voru 30% heimila einstæðra foreldra við eða undir lágtekjumörkum. Gera má ráð fyrir að um fjórðungur íslenskra barna búi á heimilum einstæðra foreldra og minnir vaktin á að glötuð tækifæri í æsku verða ekki bætt síðar á lífsleiðinni.

Velferðarvaktin hefur í öllu starfi sínu lagt ríka áherslu á velferð barna og brýnir hér með stjórnvöld til aðgerða þar sem sjónum er beint að efnalítlum barnafjölskyldum í greiðsluvanda.

Með góðri kveðju,

Lára Björnsdóttir  
formaður velferðarvaktarinnar